



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 02.03.2011 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH), Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ). Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson (PG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar - Samþykkt
2. Samstarfssamningur UMF Stjörnunnar og Garðabæjar 2011-2012
 - a. Aðalstjórn fagnar nýjum samstarfssamningi félagsins og Garðabæjar sem tryggir frekari stuðning við barna- og unglingastarfið. Stjórnin lýsir hins vegar miklum áhyggjum með að sú breyting er gerð á kostnað afreksstarfs félagsins í stað frekari styrkveitinga, enda er samspil barna-, unglinga- og afreksstarfsstarfs tengt órjúfanlegum böndum. Samhliða því vill aðalstjórn koma á framfæri athugasemd við bæjaryfirvöld þess efnis að félaginu hafi ekki verið gefið tækifæri til þess að koma að endanlegum samningstexta áður en samningurinn var lagður fyrir bæjarráð. Einnig er óskað eftir því að gerð verði viðbót við samninginn þess efnis að heimilt verði að greiða kostnað vegna starfa íþróttafulltrúa barna- og unglingastarfs félagsins með styrk vegna barna- og unglingastarfs á árinu 2011 þar sem aðalstjórn hefur þegar ráðstafað fjáruhlutunum fyrir starfsárið í samræmi við fyrri samninga og rekstrarárið þegar hafið. Formanni og framkvæmdastjóra er falið að undirrita samninginn.
3. Rekstraráætlanir deilda
 - a. Rekstraráætlun knattspyrnu karla fyrir árið 2011 er samþykkt með minniháttar breytingum frá framlagðri áætlun deildarinnar og skilyrðum um að endurskoðun hennar þegar uppgjör fyrstu 4 mánaða ársins 2011 liggur fyrir. Aðalstjórn lýsir áhyggjum sínum af bjartsýni í tekjuhuta áætlunarinnar. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.
 - b. Rekstraráætlun knattspyrnu kvenna rædd. Áætluninni er vísað til endurskoðunar með eftirfylgni gjaldkera aðalstjórnar. Endurskoðuð áætlun verður tekin fyrir á næsta fundi aðalstjórnar.
4. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og vallarsjóðs
 - a. Áætlunin samþykkt með fyrirvara um mögulega endurskoðun þegar uppgjör fyrstu 4 mánaða ársins 2011 liggur fyrir.
 - b. Aðalstjórn mun á næstu vikum skipa sérstakan rýnihóp til að fara yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í Stjörnuheimilinu.
5. Önnur mál
 - a. Íþróttaskóli Stjörnunnar - JSI falið að ganga frá samningi við fimleikadeild um rekstur Íþróttaskóla Stjörnunnar á grundvelli fyrirbyggjandi samningsdraga. Samningurinn verður til allt að þriggja ára með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Markmiðið er að nýta enn frekar tekjumyndun og hagnaðarmöguleika skólans en fimleikadeild ber ábyrgð á rekstrarmiðurstöðunni. Sé tap verður deildin að brúa það með fjárframlagi en jafnframt er deildinni heimilt að flytja hagnað ársins til ráðstöfunar í grunnstarf fimleikadeildar. Með þessu móti skapast svigrúm fyrir starfsmenn skrifstofu til að einbeita sér að öðrum verkefnum á samningstímanum og andrými fyrir frekari framþróun á hlutverki íþróttaskólans. Aðalstjórn hvetur fimleikadeild til samstarfs við aðrar deildir til að kynna starfsemi þeirra og beinir þeim tilmælum til deilda félagsins að ekki verði farið í samkeppni við Íþróttaskólann með því að hefja námskeið á starfstíma sumarskólans. Gjaldkeri félagsins óskaði eftir bókun þess efnis að hann lýsti sig andvígan samningnum.
 - b. Aðalfundur UMF Stjörnunnar - stefnt að aðalfundi í byrjun apríl. Framkvæmdastjóri mun leggja til endanlega dagsetningu á næsta fundi.



- c. Heimasíða og rafræn samskipti - ÞÞ falið að skrifa greinargerð um þróun heimasíðu og rafrænna samskipta félagsins. Lagt var til að félagið sendi ÍTG beiðni um styrk vegna þessarar vinnu.

Næsti fundur aðalstjórnar verður haldinn fimmtudaginn 10.03.2011 kl 17.15

Fundi slitið kl. 19:30

Ritað PGr